

Vestmannaeyjabær
Bæjarráð
Vestmannaeyjum, 4. mars 2026

Efni: Umsókn um framlengingu á leigu- og rekstrarsamningi vegna Herjólfsbæjar

Fyrir hönd Eyjatours ehf, kt: 4509002220 leggjum við hér með fram umsókn um framlengingu á leigu og rekstrarsamningi við Vestmannaeyjabær.

Þann 2. nóvember 2022 var samþykkt að framlengja leigusamning okkar til 31. október 2026, með ákvæði um heimild til framlengingar til tveggja ára. Í umsókn okkar á þeim tíma gerðum við grein fyrir þeim kostnaði sem þegar hafði fallið til vegna uppbyggingar verkefnisins, sem og þeim fjárfestingum sem fram undan voru. Við teljum okkur hafa staðið við þau áform og skilyrði sem þar komu fram og höfum lagt í verulegar umbætur, nýjungar og áframhaldandi þróun á starfseminni.

Frá upphafi bundum við vonir við að gestir skemmtiferðaskipa myndu heimsækja bæinn í auknum mæli. Sú þróun hefur því miður ekki orðið að veruleika ennþá, meðal annars vegna staðsetningar bæjarins og þess að skipulagðar hópferðir hafa oft á tíðum aðeins mjög takmarkaðan tíma til þess að stoppa í dalnum.

Rekstur Herjólfsbæjar hefur frá opnun verið krefjandi og ekki staðið undir sér fjárhagslega. Starfsemin hefur í raun verið rekin með tapi fyrstu árin, þar sem launa, rekstrar og viðhaldskostnaður hefur verið umtalsverður í samanburði við tekjur. Aðgangseyrir að safninu er í dag 1.500 krónur. Á síðasta ári náðum við í fyrsta sinn að reka starfsemina á núlli, en ekki með tapi, sem við lítum á mikilvægan áfanga.

Eins og við nefndum í upphafi tekur tíma að byggja upp og markaðssetja nýja affpreyningu/áfangastað og festa hana í sessi. Þrátt fyrir áskoranir fyrstu árin höfum við áfram mikla trú á verkefninu og höldum ótrauð áfram að þróa og efla bæinn. Við finnum fyrir jákvæðum meðbyr og miklum stuðningi bæði frá bæjarbúum og þeim ferðamönnum sem hafa heimsótt safnið og vonum að Vestmannaeyjabær sjái einnig þann ávinning sem felst í áframhaldandi uppbyggingu.

Með hliðsjón af framangreindu óskum við hér með eftir að nýta framlengingarákvæði samningsins og sækjum jafnframt um fjögurra ára viðbótar framlengingu á leigu og rekstrarsamningi við Vestmannaeyjabæ.

Með von um jákvæða undirtektir

F.hönd Eyjatours ehf

Einar Birgir og Íris Sif